



Akraneskaupstaður

Sveitastjórn Hvalfjarðarsveitar

Innrimel 3 Stjórnsýsluhúsið

301 Akranes

B.t. Lindu Bjarkar Pálsdóttur, sveitarstjóra

Akranesi, 5. janúar 2023

2210072 SFP

Afrit: Seljendur Akrakots

Akrakot, synjun á erindi Akraneskaupstaðar um færslu sveitarfélagamarka o.fl.

Almennt

Akraneskaupstaður vísar til afgreiðslu sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar frá 14. desember sl. á tveimur beiðnum Akraneskaupstaðar sem báðum var hafnað.

- Um færslu á sveitarfélagamörkum, á óbyggðum hluta jarðarinnar Akrakots ofanvið núverandi byggð sem eru u.p.b. 42 hektarar.
- Beiðni um kaup eða makaskipti á hluta á landi í eigu Hvalfjarðarsveitar vegna mögulegrar uppbyggingar á svæðinu sem er mikilvæg til að gera góða veltengingu við Akraneskaupstað.

Beiðnum Akraneskaupstaðar var hafnað af fimm af sjö sveitarstjórnarfulltrúum m.a. á þeim grunni að Hvalfjarðarsveit missi skipulagsvald á svæðinu, neikvæð áhrif á nærliggjandi landeigendur, missir framtíðartekna s.s. af útsvari og fasteignaskatti. Fram hefur komið að ekki eru nein áform í aðal- eða deiliskipulagi Hvalfjarðarsveitar er varðar uppbyggingu óbyggða hluta Akrakots af hálfu sveitafélagsins. Kemur þessi afgreiðsla því verulega á óvart í því ljósi og ekki síður vegna mikils samstarfs sveitarfélaganna. Fengu sveitarstjórnarfulltrúar gögn frá Akraneskaupstað sem útskýrðu hvernig þessi byggð myndi tryggja til langt tíma framþróun Akraness í góðri sátt við Hvalfjarðarsveit og ætti að duga næstu áratugina.

Ástæða beiðni

Ástæða beiðni Akraneskaupstaðar er sú að mikil eftirspurn er nú eftir húsnæði á Akranesi en óbyggði hluti Akrakots fellur sérstaklega vel að núverandi uppbyggingu kaupstaðarins. Til að tryggja uppbyggingu til framtíðar hefur Akraneskaupstaður náð samkomulagi um kaup á landi Akrakots eins og Hvalfjarðarsveit er kunnugt. Samningurinn er með fyrivörum um að Hvalfjarðarsveit samþykki að hluti af landinu verði fært innan sveitarfélagamarka Akraneskaupstaðar og um kaup eða makaskipti á hluta lands Hvalfjarðarsveitar til að tryggja aðkomu að svæðinu. Farið var í viðræður við landeigendur þessa svæðis þar sem umrætt svæði liggar, að mati Akraneskaupstaðar, sérstaklega vel við þéttbýlinu á Akranesi en síður við byggðinni í Hvalfjarðarsveit. Akraneskaupstaður telur sig því alls ekki ganga gegn hagsmunum Hvalfjarðarsveitar með kaupunum heldur þvert á móti. Tekið skal fram að ein





Akraneskaupstaður

meginástæða áhuga Akraneskaupstaðar að byggja í Akrakotslandi er að það sér bærinn möguleika á raðhúsa- og sérbýlisbyggð. Sú byggð mun viðhalda æskilegu hlutfalli raðhúsa- og sérbýlis á móti íbúðum í fjölbýli.

Varðandi tekjur af svæðinu þ.e. útsvar og aðra skatta að þá standa þeir undir lögbundinni þjónustu við viðkomandi íbúa svæðisins. Gríðarlegur kostnaður mun síðan verða í því að gera svæðið byggingarhæft.

Mikilvægt samstarf sveitarfélaganna

Akraneskaupstaður hefur átt gott samstarf við Hvalfjarðarsveit sem sveitarfélögin eiga nú þegar um hin ýmsu mál. Akraneskaupstaður telur það samstarf leiða til bættrar velsældar íbúa beggja sveitarfélaganna. Akraneskaupstaður telur að aukið samstarf, í tengslum við frekari uppbyggingu sveitarfélaganna, geti leitt til enn bættar þjónustu og velsældar fyrir íbúa beggja sveitarfélaganna.

Ávinningur frekara samstarfs

Ljóst er að ef af uppbyggingu verður í Akrakoti ofan Innnesvegar mun verða litið til þjónustu Akraneskaupstaðar. Hefur Akraneskaupstaður fengið afrit af bréfi landeigenda, systkina frá Akrakoti og tekur undir mörg sjónarmið í bréfi þeirra. Sérstaklega vekur athygli að ekki hafi verið vikið að boði Akraneskaupstaðar um aukið samstarf sveitarfélaganna í bókun sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar til hagræðingar fyrir bæði sveitarfélög og til hagsbóta fyrir íbúa beggja sveitarfélaga. Í því sem kynnt var og sent til Hvalfjarðarsveitar var eftirfarandi:

- Nýjar veggtingingar frá þjóðvegi sem býr til betri veggtingingu inn í nýtt hverfi og þéttbýliskjarna við land Kross í Hvalfjarðarsveit. Ávinningur af þessu væri að losað yrði um umferð sem nú fer um Innnesveg og verður mun betri veggting fyrir skólaakstur.
- Veggtingingar sem nýtast uppbyggingarsvæðum með eðlilegum hætti.
- Samstarf um uppbyggingu leikskóla sem myndi bæði þjóna byggð Akraness og Hvalfjarðarsveitar á þessu svæði.
- Samstarf um að börn á aldrinum 10-16 ára í Hvalfjarðarsveit gætu notað frístundamiðstöð Þorpsins á Akranesi og ef áhugi væri fyrir því gæti samstarfið orðið gagnkvæmt. Ávinningur af samstarfi sveitarfélaganna á þessu sviði yrði sá að börn úr Hvalfjarðarsveit og af Akranesi myndu kynnast betur áður en kæmi að framhaldsskólaaldri sem yrði ávinningur af til lengri tíma í lífinu. Vitað er til þess að mörg börn úr Hvalfjarðarsveit hafa áhuga á að sækja félagsmiðstöðvastarfið og í ungmennahús á Akranesi.
- Boð um samtal um fleiri samstarfsmöguleika sem ávinningur gæti verið af fyrir íbúa beggja sveitarfélaga.

Vill Akraneskaupstaður bjóða og benda á fleiri tækifæri til samstarfs:

- Samstarf um málefni fatlaðra en metnaðarfull uppbyggingaráform eru í þeim málaflokki á Akranesi til að tryggja að samfélag án aðgreiningar fyrir fatlað fólk.
- Samstarf um móttökum flóttafólks en ljóst er að ekkert sveitarfélag getur skilað auðu í því ástandi sem nú er í heimsmálum.
- Aðrir snertifletir sem auka þjónustu við íbúa á svæðinu s.s. íþróttastarfi.
- Samstarf við Veitur varðandi lagnir.





Akraneskaupstaður

- Sameiginleg vinna í skipulagi svæðanna. Hér má hugsa sér að skipuleggja heildstætt óbyggða hluta Akrakots annarsvegar og núverandi byggð Hvalfjarðarsveitar, þ.m.t. landsvæðið neðan Innnesvegar. Sjá mætti fyrir sér íbúabyggð Akranesmegin væri u.p.b. 1.500 íbúar og sömuleiðis um 1.500 íbúar á svæði Hvalfjarðarsveitar.
- Hagræðið fyrir bæði sveitarfélögin að byggja upp sameiginlega innviði fyrir u.p.b. 3.000 íbúa byggð er augljós báðum sveitarfélögum til hagsbóta.

Beiðni um endurskoðun ákvörðunar og möguleg aðferðafræði í viðræðum um málið

Standi vilji sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar til þess að skoða málið að nýju, þrátt fyrir fyrri afgreiðslu, mætti til dæmis beita eftirfarandi aðferðarfræði til að leggja grunn að frekari viðræðum sveitarfélaganna um málið og ákvarðanatöku í kjölfarið:

- Fengin yrði óháður ráðgjafi til að leiða viðræður sveitarfélaganna.
- Sveitarstjórar beggja sveitarfélaganna ættu sæti í slíkum viðræðuhóp.
- Metin yrðu áhrif af breytingunni bæði m.t.t. samfélagslegra og fjárhagslegra atriða.
- Í bókun sveitastjórnar Hvalfjarðarsveitar frá 14. desember er vísað til neikvæðra áhrifa á nærliggjandi landeigendur. Rétt er að benda á að núverandi eigendur Akrakots hafa þegar rætt við fólk sem á land sem tengist óbyggða landsvæði Akrakots og hafa þeir aðilar tekið vel í færslu sveitarfélagamarkanna.
- Unnin yrði tillaga að rammaskipulagi/skipulagsforsögn fyrir svæðið og mögulega aðliggjandi svæði og mun sú vinna tryggja aðkomu og réttindi íbúa beggja sveitarfélaga.

Í kjölfarið gæti Hvalfjarðarsveit lagt á ný mat á málið og mögulega mismunandi valkost sem kæmu fram í ofangreindri vinnu.

Möguleg höfnun á viðræðum

Standi vilji sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar til þess að vilja ekki eiga viðræður um málið og hafna frekara samstarfi við Akraneskaupstað, þá óskar Akraneskaupstaður eftir rökstuðningi fyrir þeirri höfnun.

Með vísan til framangreinds er góðfúslega óska eftir viðræðum um málið við Hvalfjarðarsveit.

Virðingarfyllst,
f.h. Akraneskaupstaðar,

BÆJARSTJÓRINN
Sævar Freyr Práinsson
bæjarstjóri Akraneskaupstaðar.

